

Fimmtudaginn 12. janúar 1984.

Nr. 219/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Eggert Bjarna Arnórssyni**

(Páll A. Pálsson hrl.)

Brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði að ósk ákærða með stefnu 31. ágúst 1983 dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júlí s. á. á hendur ákærða, og er málinu áfrýjað til „sakfellingar samkvæmt ákæru, refsí-ákvörðunar, frekari ökuleyfisviptingar og málskostnaðargreiðslu.“ Þá hefur ríkissaksóknari enn fremur áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. nóvember 1983 dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október s.á. á hendur ákærða, og er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip málanna bárust Hæstarétti 13. desember 1983 og 3. janúar 1984.

Ríkissaksóknari hefur hér fyrir dómi fallið frá tilvitnun í ákæruskjali 12. ágúst 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Brot það, sem ákærða er gefið að sök í síðara málinu, er framið, áður en héraðsdómur gekk í hinu fyrra. Hafa málin verið sameinuð í Hæstarétti.

Verjandi krefst ómerkingar héraðsdómanna og að málinu verði vísað heim í hérað „til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju“. Til vara er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu, en til þrautavara, að honum verði eigi dæmd refsing vegna brota þeirra, sem hann kynni að verða sakfelldur fyrir, og enn til vara, að ákærði hljóti lægstu refsingu, er lög leyfa, ef honum verður dæmd refsing.

### **I.**

Krafa verjanda um ómerkingu er í fyrsta lagi á því reist, að geðheilbrigðisrannsókn hefði átt að framkvæma á ákærða, áður en

dómar þeir, sem hér er áfrýjað, gengu á hendur honum. Eigi þykja gögn máls bera með sér, að nauðsyn hafi verið til slíkrar rannsóknar, og verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Þá er ómerkingarkrafa í annan stað á því byggð, að munnlegur málflytningur hefði átt að fara fram í máli því, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 19. október 1983, sbr. 2. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974. Á þetta verður ekki fallist. Ríkissaksóknari kvað ekki á um slíka málsmeðferð, en honum er ætlað það verkefni samkvæmt 2. mgr. 130. gr. Verður ómerkingarkrafa verjanda því ekki tekin til greina.

Loks hefur verjandi haldið því fram, að nokkrir gallar séu á rannsókn málanna, sem varða eigi ómerkingu hinna áfrýjuðu dóma. Ekki verður á það fallist, og þykir rannsóknin ekki gefa tilefni til ómerkingar þeirra.

## II.

Sakarefnum er réttilega lýst samkvæmt sakargögnum í hinum áfrýjuðu dómum, og ber að staðfesta sakarmat með vísun til forsendna dómanna. Þá eru brot ákærða færð til rétttra refsíákvæða, en um atferli ákærða hinn 10. janúar 1981, sem um er dæmt í III. lið í dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983, ætti einnig að vísa til reglugerðar nr. 414/1978, 29. gr.

Eftir uppsögu hinna áfrýjuðu dóma gekk dómur Hæstaréttar 29. nóvember 1983 yfir ákærða. Var dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1982 staðfestur um refsivist, en sekt dæmd 20.000.00 krónur.

Lögregluamaður sá, er sætti atlögu ákærða, gaf með hegðun sinni á vettvangi ekkert tilefni til árásarinnar. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísun til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Staðfesta ber dóm sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983 varðandi kröfu ákærvalds um ökuleyfissviptingu og svo ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns svo sem segir í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti 30 daga fangelsi.

Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983 varðandi ökuréttindi ákærða eiga að vera óröskuð og svo ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 9.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlög-manns, 9.500.00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983.**

Ár 1983, mánudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 266/1983: Ákærvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærða, Eggert Bjarna Arnórssyni framkvæmdastjóra, Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954.

Dómarinn hefur sameinað málin.

Með ákærinni dagsettri 12. ágúst 1981 er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, aðfararnótt laugardagsins 16. maí 1981, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-27704 um götur Reykjavíkur þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans á Hringbraut við Laufásveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðar-laga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Ennfremur fyrir að aka, þriðjudaginn 7. júlí 1981, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni R-27704 um götur Reykjavíkur þar sem lög-reglan stöðvaði akstur hans á Snorrabraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 70. gr umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvipt-ingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með ákærinni dagsettri 26. október 1981 er mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, laugardaginn 10. janúar 1981, bifreiðinni R-53415 vestur Hringbraut gegnt rauðu umferðarljósi á gatnamótum Hringbrautar og

Njarðargötu og áfram Hringbrautina og á ný gegnt rauðu umferðarljósi á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

## I.

Laugardaginn 16. maí 1981, um kl. 0310, stöðvuðu lögreglumenn akstur bifreiðarinnar R 27704 á Hringbraut við Laufásveg, og reyndist ákærði vera undir stýri bifreiðarinnar. Fundu lögreglumennirnir talsverðan áfengisþef leggja frá honum, en ákærði neitaði að hafa neytt áfengis. Var tekin öndunarprufa, og sýndi hún III.—IV. stig. Var ákærði færður á slysadeild til töku blóðsýnis, og urðu lögreglumennirnir að beita hann hörku til þess að ná blóðsýninu. Blóðsýnið var tekið kl. 0336 sömu nótt af Boga Ásgeirssyni lækni, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.71‰.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðar sama dag neitaði ákærði að tjá sig um áfengisneyslu sína í nótt (sic) og akstur hans í framhaldi af því, en skýrði þannig frá:

„Ég vil tjá mig um aðdragandann að því að ég var handtekinn það sem ég vil segja um þetta mál er eftirfarandi.“:

„Ég var stoppaður á Hringbrautinni og var spurður af lögreglunni hvort ég væri að flýta mér. Ég kvað nei við því. Þá bað lögreglumaðurinn mig að drepa á bilnum og koma með sér inn í lögreglubílinn.

Þá spurði lögreglumaðurinn sem sat í lögreglubílinum hvort ég hefði ökuskirteini. Ég sagðist ekki hafa ökuskirteini, en kvaðst hins vegar hafa vegabréf. Hann spurði hvort ég hefði ökuréttindi og sagði ég það vera, en sagðist hafa týnt ökuskirteininu.

Þá fór annar lögreglumaðurinn út úr lögreglubílinum og hafði á orði að þeir þyrftu að athuga þetta nánar. Ég var síðan færður á lögreglustöðina. Ég var færður fyrir varðstjóra og hann rétti mér blöðru og sagði mér að blása í hana, og gerði ég það. Þegar ég hafði gert það þá sagði hann við mig: „Viltu ekki játa“. Þá spurði ég hann: „Játa hvað“. Þá sagði annar lögreglumannanna við mig: „Þú ert handtekinn“. Þá sagði varðstjórinn við mig hvort ég vildi ekki játa að ég hefði verið að drekka brennivín. Ég svaraði honum engu. Þá þrifu tveir lögreglumenn í mig og ætluðu að taka mig með sér. Ég sagði þeim þá að þeir tækju mig ekki nema hafa heimild til þess. Þá gaf varðstjórinn þeim heimild til að taka mig og þeir fóru með mig upp á Borgarspítala og sagði lögreglumaður mér á leiðinni þangað að ég væri að fara í blóðprufu. Þegar ég var kominn þangað þá var þar fyrir

maður í slopp og hann bauð mér að setjast og sagðist ætla að taka úr mér blóðprufu. Ég spurði þá hvort ég hefði ekki rétt á að fá lögfræðing á staðinn og vitni að þessum fíflskap. Maður þessi og lögreglumennirnir svöruðu því til að ekki væri tími til að bíða eftir því. Ég sagði þeim að þeir tækju ekki neina blóðprufu fyrr en það væri gert samkvæmt lögum. Þá sagði einn lögreglumannanna að það yrði gert með valdi. Ég spurði þá lögreglumanninn hvort hann ætlaði að gera það með fruntaskap og látum og gera það í einkennisbúningi og gerast lögbrjótur í leiðinni. Þá réðust tveir einkennisklæddir lögreglumenn á mig auk eins óeinkennds lögreglumanns og sneru mig niður og ofbeldinu lauk með því að tekið var úr mér blóðsýni. Síðan var mér hrint fram ganginn og alla leið út í bíl og síðan var mér ekið á lögreglustöðina og settur í fangageymslu.“

Sama dag gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík Eiríkur Beck lögreglumaður. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið skýrði þannig frá:

„Ég var í umferðareftirliti s.l. nótt ásamt Rúnari Sigurpálssyni lögreglumanni í lögreglubifreiðinni R-20021. Um kl. 03:00 veitti ég athygli bifreiðinni R-27704 sem er Vw bifreið blá að lit þar sem henni var ekið vestur Hringbraut á vinstri akrein.

Ég sá að Rúnar stöðvaði bifreiðina og ræddi við ökumanninn og síðan sá ég að þeir fóru inn í lögreglubifreiðina. Þegar ég kom inn í lögreglubifreiðina voru þeir að ræða saman Rúnar lögreglumaður og maður sá sem ég hafði áður séð aka bifr. R-27704. Þegar ég kom inn í lögreglubifreiðina þá fann ég talsverða áfengislykt leggja frá vitum ökumannsins og þá lá ljóst fyrir að við yrðum að fara með hann á lögreglustöðina til frekari athugunar, og fannst mér greinilegt að maðurinn væri undir áhrifum áfengis.

Ökumaðurinn gerði ekki athugasemd við það að við skyldum færa hann á lögreglustöðina.

Við færðum manninn fyrir Hilmar Þorbjörnsson varðstjóra og í viðræðum við hann þá neitaði maðurinn að svara spurningum varðandi áfengisneyslu og akstur í framhaldi af henni.

Eftir viðræður við ökumanninn þá mælti varðstjóri svo fyrir að hann skyldi færður til blóðtöku og síðan í fangageymslu.

Það skal tekið fram að öndunarsýni var tekið af ökumanninum án mótþróa af hans hálfu.

Þegar við komum á slysadeildina þá neitaði ökumaðurinn að hlíta blóðtökunni og urðum við að beita valdi við töku blóðsýnis en það skal tekið fram að hann veitti litinn mótþróa og virtist mér það vera meira til að sýnast en hitt.

Að lokinni blóðtöku færðum við ökumanninn í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu.“

Vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson gaf skýrslu sama dag hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og kom fyrir dóm þann 10. júní 1982. Vitnið skýrði svo frá:

„Síðast liðna nótt var ég í umferðareftirliti á Hringbraut við Laufsásveg ásamt Eiríki Beck lögregluflokksstjóra.

Um kl. 0300 veitti ég athygli bifreiðinni R-27704 sem er blá Vw bifreið þar sem henni var ekið vestur Hringbraut á vinstri akrein. Ég stöðvaði bifreiðina, en við stöðvuðum flestar bifreiðar sem áttu leið þarna um þetta leyti.

Um leið og ég fór að ræða við ökumanninn þá fann ég talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Ég spurði hann um ökuskírteini en hann kvaðst hafa týnt því. Hann framvísaði vegabréfi til sönnunar hver hann væri.

Ég bauð honum þá að koma yfir í lögreglubílinn og gerði hann það umyrðalaust. Þegar ég fór að tala betur við hann og spyrja um áfengisneyslu þá neitaði hann að hafa bragðað áfengi.

Þá færðum við hann í lögreglustöðina og þar fyrir Hilmar Þorbjörnsson varðstjóra. Hjá varðstjóra neitaði ökumaðurinn að svara spurningum varðandi áfengisneyslu og akstur og eftir stuttar samræður þá ákvað varðstjóri að ökumaðurinn skyldi færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis og síðan í fangageymslu.

Við færðum síðan ökumanninn á slysadeildina og þar neitaði hann að gangast undir blóðtöku og var honum gert ljóst að hann yrði beittur valdi til töku blóðsýnisins ef hann yrði ekki samvinnuþýður. Við tókum hann þá tókum og náði læknir úr honum blóðsýni. Ég vil þó taka fram að hann veitti mjög litla mótspyrnu og var hann ekki beittur harðræði við töku blóðsýnisins.

Að lokinni blóðtöku var ökumaðurinn færður í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu.“

Auk þess skýrði vitnið svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði gert athugasemdir við framkvæmd blóðtökunnar og m.a. krafist þess, að tekin yrðu tvö sýni og læknirinn látinn geyma annað.

Þann 25. maí 1981 ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt honum þann 16. júní sama ár.

Þann 3. júlí 1981 var ákærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, en hann hafnaði því m. a. með vísan til þess, að hann taldi framkomu lögreglunnar í Reykjavík vera ólöglega.

Er ákærða var birt ákæran þann 23. október 1981, kvaðst ákærði ekki

hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni. Kvað ákærði hér vera um samsæri gegn sér að ræða af hálfu lögreglunnar í Reykjavík.

Í þinghaldi þann 10. júní 1982 óskuðu ákærði og verjandi hans eftir því, að kannaður yrði ferill blóðsýnis þess, er ákærða var tekið. Þann 16. júní 1982 ákvað dómarrinn að fella ofangreinda sviptingu úr gildi, þar sem fyrir-sjáanlegt var, að málið drægist vegna frekari rannsóknar.

Með bréfi, dagsettu 27. október sl., fór dómarrinn þess á leit við lögreglu-stjóraembættið í Reykjavík, að kannaður yrði ferill blóðsýnisins. Sú rann-sókn barst dómarrinum með bréfi, dagsettu 25. febrúar sl. Ekki verður annað séð, en meðferð blóðsýnisins hafi verið með eðlilegum og venjulegum hætti, og þykir ekki þörf að rekja frekar rannsókn þessa.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburðum tveggja lögreglu-manna um áfengisáhrif á ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

## II.

Þriðjudaginn 7. júlí 1981, um kl. 1400, ók ákærði bifreiðinni R 27704 austur Egilsgötu og suður Snorrabraut, þar sem akstur hans var stöðv-aður.

Ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 16. júní 1981, og telst því sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið þær lagagreinar, er um getur í ákæruskjali.

## III.

Laugardaginn 10. janúar 1981, um kl. 1940, voru lögreglumenn staddir á Sóleyjargötu, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 53415, er ákærði ók vestur Hringbraut að gatnamótum Njarðargötu. Segir í lögregluskýrslunni, að bifreiðinni hafi verið ekið gegn rauðu ljósi, sem kviknaði, er hún átti eftir um tvær billengdir að stöðvunarlínu. Var bifreiðinni veitt eftirför vestur Hringbraut um Melatorg, er komið var að gatnamótum Hring-brautar og Hofsvallagötu, hafi bifreiðin ekið aftur yfir á móti rauðu ljósi, er kviknaði, er hún átti um tvær billengdir að stöðvunarlínu.

Þann 7. júlí 1981 gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og skýrði þá þannig frá:

„Ég tel skýrslu lögregluþjóns nr. 185 um mér ætluð brot tómt rugl. Á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu mun ég hafa ekið inn á gatna-mótin á gulu ljósi, en rauða ljósið kviknað er ég var kominn inn á mið gatnamótin. En á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu var ég kominn að stöðvunarlínu þegar kviknar á gulu ljósi og taldi mig ekki geta stöðvað

bifreiðina þar sem ég var of nærri gatnamótum og vegna bleytu á götum sem lengja hemlunarvegalegdina. Þó að ég hefði klossbremsað hefði bifreiðin ekki stöðvast fyrr en inn á miðjum gatnamótum. Rauða ljósið sé ég ekki í þetta skipið, enda ég líklega kominn það langt yfir gatnamótin að ég sæi ekki á ljósin.

Mætti óskar eftir skýringu frá lögregluþjónunum á hvorri akrein hann hafi farið yfir á rauðu ljósi að þeirra sögn.

Einnig er aðeins stöðvunarlína yfir aðra akreinina að sögn mætta og á götum voru sveibunkar.“

Vitnið Birgir Straumfjörð Jóhannsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 9. júlí 1981 og kom fyrir dóm þann 10. júní 1982. Fyrir dóminum mundi vitnið ekki eftir málinu, en hjá rannsóknardeildinni skýrði vitnið svo frá:

„Við vorum staddir á Sóleyjargötu, milli Njarðargötu og Hringbrautar, sérstaklega staðsettir til þess að fylgjast með umferð við umferðarljósin á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar.

Ég man vel eftir þessu máli. Þegar rauða ljósið kviknar á umrædd bifreið eftir u.þ.b. tvær billengdir að stöðvunarlínu og sá ég hana halda áfram og yfir gatnamótin þrátt fyrir ljósin.

Við Frosti Sæmundsson eltum umrædda bifreið á lögreglubifreið með rauðum aðvörunarljósum, en ökumaður tekur ekki eftir þeim fyrr en við stöðvum hann vestan við gatnamótin Hringbraut/Hofsvallagata.

Er umræddur ökumaður fer yfir þau gatnamót er rautt ljós. Það kviknaði þegar bifreiðin átti eftir u.þ.b. tvær billengdir að stöðvunarlínu.

Við höfðum tal af ökumanni og hann sagði að hann væri að flýta sér að skila föður sínum bílnum og ætlaði að drífa sig á sjóinn. kvaðst hann vera sjómaður.

Að ósk kærða er hér svar Birgis við spurningu hans:

Ég man ekki greinilega á hvorri akreininni hann ók vestur Hringbrautina, yfir Njarðargötu, en yfir Hofsvallagötuna er ökumaður á vinstri akrein, að mig minnir.

Þegar við stöðvum hann, er hann á vinstri akrein og við vísum honum inn á bifreiðastæði vinstra megin.“

Vitnið Frosti Sæmundsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 10. júlí 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Skýrsla vitnisins var svohljóðandi:

„Við vorum í Sóleyjargötunni milli Hringbrautar og Njarðargötu, gagnert til að fylgjast með umferð við gatnamótin Hringbraut/Njarðargata. Ég vil síðan staðfesta að skýrsla lögregluþjóns nr. 185 er rétt. Er við stöðvuðum ökumanninn og fórum með hann yfir í lögreglubifreiðina til yfirheyrslu, þá var framburður hans ruglingslegur og þökukennður. Ytri

einkenni ökumannsins bentu til þess að hann væri hlaðinn einhverri innri spennu.

Við spurningu kærða um á hvorri akrein hann hafi ekið yfir á rauðu ljósi, tel ég það engu máli skipta á hvorri akreininni hann hafi ekið yfir á móti rauðu ljósi. En það má taka það fram að kærði var stöðvaður á vinstri akrein.“

Þann 26. ágúst 1981 var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en hann hafnaði því.

Með samhljóða framburðum tveggja lögreglumanna telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

Þann 25. febrúar sl. gaf dómarrinn verjanda ákærða frest til þess að skila vörn í málinu. Verjandinn hafði áður samband við dómarrann og tjáði honum, að ákærði vildi ræða við dómarrann, áður en vörn yrði skilað, en ákærði afplánaði þá fangelsisdóm á Litla-Hrauni. Dómarrinn fór síðan að Litla-Hrauni þann 16. maí sl. og kynnti ákærða niðurstöðu rannsóknar, sem fram hafði farið á ferli blóðsýnisins. Krafðist ákærði þá þess, að dómarrinn viki sæti í málinu, og rökstuddi hann kröfu sína þannig orðrætt: „Dómarrinn hafði ekki snúið sér að þeirri rannsókn, sem ákærði óskaði eftir, heldur snúið útúr þeirri rannsókn, sem óskað var eftir. Þá hafi dómarrinn verið með aðdróttanir að lögboðnum réttarfarslegum rétti ákærða.“ Dómarrinn tók kröfu ákærða til dóms eða úrskurðar, og með úrskurði, uppkveðnum þann 27. maí sl., var kröfu ákærða hafnað. Er ákærði var birtur úrskurðurinn þann 1. júní sl., óskaði hann eftir að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, en ríkissaksóknari heimilaði eigi kæru, sbr. 1. tl. 171. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þar sem ákærði hefur, eftir að brot þau voru framin, sem hér er fjallað um, hlotið samtals 17 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, ber að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Verður einnig höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga. Má ætla, að refsing ákærða hefði ekki orðið hærri, hefði verið dæmt um þessi brot í þeim málum, og verður ákærða því ekki dæmd refsing í máli þessu.

Þá verður ákærða ekki gerð frekari ökuleyfisviping en hann hefur þegar sætt, það er að segja frá 16. júní 1981 til 16. júní 1982.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Þá skal tekið fram, að mál þetta hefur dregist vegna anna dómarsins og að nokkru vegna hegðunar ákærða.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Eggert Bjarna Arnórssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting en frá 16. júní 1981 til 16. júní 1982.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. október 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 19. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 458/1983: Ákærvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms 17. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní 1983, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, til heimilis að Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954, fyrir að hafa aðfaranótt 9. ágúst 1982 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík, ráðist á Guðmund Gígju, rannsóknarlögreglumann, út af starfi hans sem lögreglufulltrúa við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og afskiptum hans af ákærða í því starfi og slegið hann hnefahögg í andlitið svo að Guðmundur féll á höfuðið á steinsteypa stétt, missti meðvitund skamma stund, marðist á hnacka og hruflaðist á olnboga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1980 1/10 sakad. í ávana- og fíkniefnamálum: dómur: 8 mán. fangelsi og 1.000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, og 2., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974.

1982 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur frá 1/10 1980 staðfestur.

- 1982 15/12 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Dómur: 9 mán. fangelsi og 5.000 kr. sekt. f. brot g. 173 gr. a hgl. nr. 19/1940, sbr. l. nr 64/1974.
- 1983 28/6 í Reykjavík: Dómur: Ákæru f. brot g. 1. mgr. 106. gr. hgl. vísað frá dómi.
- 1983 4/7 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 38. gr. umfl. Refsing ekki dæmd. Ekki gerð frekari ökuleyfissvipting en frá 16/6 1981 til 16/6 1982.

Fyrst verður rakinn gangur málsins fyrir dómi fram að dómtöku.

Upphaflega hafði annar dómari með málið að gera og kvað upp í því frávisunardóm 28. júní sl., þar sem hann taldi, að rannsaka hefði átt andlegt heilbrigðisástand ákærða fyrir útgáfu ákæru. Dóminum var af hálfu ríkissaksóknara skotið til Hæstaréttar með kæru.

Hæstiréttur kvað upp dóm 30. september sl. og felldi frávisunardóminn úr gildi og lagði fyrir héraðsdómara að birta ákæruskjalið, útgefið 2. júní 1983, og taka málið til dómsmeðferðar.

Ríkissaksóknari skaut þá málinu á ný til sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dagsettu 4. þ.m., og fékk dómarrinn það í hendur þ.m.

Ákærða var birt ákæran í réttarhaldi 17. þ.m. Ekki þótti dómáranum ástæða til frekari rannsóknar á geðhögum ákærða, en hann hafði kannað, að ákærði hafði hvorki verið til meðferðar á geðdeild Landspítalans né Borgarspítala. Málið var þá dómtekið.

#### *Málavextir.*

Aðfaranótt mánudagsins 9. ágúst 1982 veittu lögreglumenn, sem óku fram hjá veitingahúsinu Hollywood, því athygli, að maður lá á gangstéttinni og dyraverðir hússins héldu öðrum þar rétt hjá. Við athugun reyndist um að ræða ákærða í máli þessu og Guðmund Gígja rannsóknarlögreglu-mann, en hann lá í götunni, og hafði ákærði slegið hann í andlitið eftir að hafa elt hann inni á dansleiknum að sögn Guðmundar Gígja sjálfs.

Guðmundur Gígja kærði atferlið í bréfi, dagsettu 9. ágúst 1983. Samdægurs fór fram rannsókn í málinu hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði var þá yfirheyrdur. Þar viðurkenndi hann að hafa slegið til Guðmundar Gígja, og kvaðst ákærði reikna með, að höggið hafi lent á kinninni og muni Guðmundur Gígja hafa fallið við það. Ákærði var inntur eftir því, hvort um viljaverk hafi verið að ræða, og kvað hann svo hafa verið. Að öðru leyti snerist rannsóknin um ýmis önnur samskipti ákærða og Guðmundar Gígja svo og afskipti lögregluþyrvalda og ákæru- og dómsvalds af ákærða. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann framdi verkið.

Dyraverðirnir Gunnar Ólafsson og Stefán Rúnar Bjarnason voru sama dag yfirheyrdir hjá rannsóknarlögreglu. Sáú þeir báðir, þegar ákærði sló

Guðmund Gígja og hann féll á gangstéttina. Gátu þeir í sameiningu yfirbugað ákærða, sem að þeirra sögn var mjög æstur. Gunnar Ólafsson taldi höggið mikið, og enn fremur var hann vitni að því skömmu áður inni í húsinu, að ákærði var með hótanir í garð Guðmundar Gígja.

Daginn eftir, þann 10. ágúst sl., var Guðmundur Gígja yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu. Kom þar fram, sem einnig hafði komið fram í kærubréfi hans, að hann taldi sig ekkert muna, frá því að hann gekk niður tröppur hússins þar til allnokkru eftir atvikið, er hann var fyllilega kominn aftur til sjálfs sín. En þá hafði lögreglan handtekið ákærða. Vitnið kvaðst hafa skolið með höfuðið á steinsteypa stétt. Hann hefði fengið mar aftan til vinstra megin á höfði og hruflast á vinstri olnboga. Eins hefði hann bólgnað á hægri kjálka.

Í læknisvottorði, dagsettu 30. ágúst 1982, undirrituðu af Leifi Jónssyni, lækni á Borgarspítala, segir:

„Þann 9/8 1982, kl. 21:00 kom ofanskráður sjúklingur á Slysadeild Borgarspítalans. Hann hafði þá sögu að segja að kvöldið áður hafi hann verið að koma úr skemmtistaðnum Hollywood er hann varð fyrir árás. Ráðist var að honum með barsmíðum og fékk hann meðal annars kjaftshögg á hægri kjamma. Féll hann við höggið og sló hnakkanum í götuna. Ekki fylgir sögunni neitt sem getur túlkast sem meðvitundarmissir en kvartar nú um höfuðverk.

*Við skoðun finnst eftirfarandi:*

1. Mar á hnakka.
2. Hrufl á vinstri olnboga.

Ekki finnast önnur áverkamerki. Kjálkahreyfingar eru eðlilegar og bit eðlilegt. Neurologia eðlileg. Meðferð var engin og sjúklingur hefur ekki sótt heim Slysadeildina síðan vegna meiðsla þessara.“

Ríkissaksóknari endursendi málið rannsóknarlögreglu til frekari rannsóknar með bréfi, dagsettu 19. apríl 1983, en af því bréfi má lesa, að rannsóknarlögreglan hafi sent málið ríkissaksóknara með bréfi 1. nóvember 1982.

Þriðjudaginn 17. maí 1983 var tekin skýrsla af vitninu Hjördísi L. Jónsdóttur, eiginkonu Guðmundar Gígja. Vitnið sá ekki, þegar maður þess var sleginn, en sá, hvar hann lá í götunni og að ákærði hafði augsnilega barið hann. Enda hefði ákærði áður inni í húsinu verið með ógnanir við eiginmann hennar. Vitnið kvað mann sinn hafa verið marinn og bólginn á andliti eftir áverkann.

Vitnið Ólöf Jóna Oddsdóttir gaf skýrslu sama dag. Vitnið kvaðst hafa orðið þess vör, að ákærði var með hótanir við Guðmund Gígja inni í hús-

inu. Heyrði vitnið þá, að ákærði hótaði að slá hann, þegar út væri komið. Vitnið kvað Guðmund Gígja hafa rotast við höggið og hafa verið nokkra stund að jafna sig.

Guðmundur Gígja gaf á ný stutta skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. maí 1983 og kvaðst þá ekki hafa uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða.

Ákærði kom til skýrslugjafar á ný þann 19. maí 1983. Fór hann þar þungum orðum um Guðmund Gígja og hans starf að lögreglumálum. Í lok skýrslu ákærða segir, „að hann óski eftir að máli hans verði vísað til lögreglar og óhlutdrægrar meðferðar og skýrslutöku, sem er ekkert viðriðin, lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómsembætti á landinu og ennfremur viðriðinn Ríkissaksóknara. Og verði þessu máli vísað til Dómsmálaráðuneytisins, sem samkvæmt lögum má vísa því til sérstakrar dómsrannsóknar.“

Hefur í stórum dráttum verið rakinn gangur málsins.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði, en honum er þungt í huga vegna fyrri afskipta lögreglu af honum, gengur svo langt að slá Guðmund Gígja rannsóknarlögreglumann, þar sem þeir voru báðir utan við veitingahúsið Hollywood, en þeir höfðu verið að skemmta sér þar inni hvor í sínu lagi. Ekki verður séð, að Guðmundur Gígja hafi á staðnum gefið tilefni til árásar þessarar, heldur þvert á móti reynt að forðast ákærða.

Hinu er ekki að neita, að gögn málsins bera með sér, að ákærði telur sig og aðra hafa hlotið óvægna meðferð hjá lögreglunni. Kom þetta líka fram, er hann gaf skýrslu fyrir dómi.

Dómari málsins telur ákærða fyllilega sakhæfan. Ákærði gerir sér vel ljósa framkvæmd og afleiðingar verks síns. Hann hefur hins vegar látið stjórnast af mikilli reiði í garð lögreglumannsins Guðmundar Gígja, en reiði hans virðist ná til lögreglu-, ákæru- og dómsvalds í landinu.

Ákærði réðst að og sló rannsóknarlögreglumann, sem að vísu var ekki að sinna störfum þá stundina, en árásin var sprottin út af slíkum störfum mannsins, og verður hann því talinn opinber starfsmaður í skilningi 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar að honum var veist.

Verknaðurinn er sannaður með játningu ákærða og stoð í vitnaframburðum. Telst brotinu rétt lýst í ákærinni og varða við nefnda 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða með hliðsjón af því, að verknaður er framkvæmdur í reiðikasti, en einnig með hliðsjón af sakaferli ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Engin skaðabótakrafa er frammi höfð í málinu.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnaðinn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 55/1982. **Ágúst Finnsson, Gísli Maack og**

**Pétur Guðmundsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Guðjóni Steingrímssyni hrl.**

**f. h. Eksportkreditráðet**

**Kaupmannahöfn**

(sjálfur)

Lausafjárkaup. Gallar. Tómlæti.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1982, en áfrýjunarleyfi höfðu þeir fengið 1. mars. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Fram kom við munnlegan flutning málsins, að Tabu s/f hefur hætt starfsemi, en að áfrýjendur bera ábyrgð á skuldbindingum félags þessa.

Vegna málf lutnings áfrýjenda fyrir Hæstarétti er þess getandi, að ekki verður séð, að þeir hafi hreyft neinum athugasemdum um, að hinar seldu vörur hafi verið of seint afgreiddar eða í of mörgum sendingum, fyrr en ef til vill einhvern tíma undir lok málsmeðferðar í héraði. Að þessu athuguðu og þar sem fallast ber á úrlausn héraðs-